

Þetta er síðasti Skóla—  
akur á þessu skólaári, við  
þökkum lesendum fyrir  
veturinn og óskum þeim  
gleðilegs sumars.

# Skóla - akur



Vefrit um skólamál 11. tbl. 5. árg. 27. maí 2011

## Myndir augnabliksins voru teknar af heimsíðum leik- skólanna.

Börn af Hólmasól í sveitaferð  
í Kristnesi, börn frá Engjarós,  
Kíðagili að skoða kýrnar í  
Kristnesi og Leikskólinn  
Smábær í Hrísey í sveitaferð í  
Stóra Dunhaga.



## ICT4U verkefnið í Síðuskóla.

Þann 7. maí fóru 6 nemendur úr 10. bekk Síðuskóla í ferð til Spánar ásamt 2 kennurum, tilgangur ferðarinnar var Comeniusarverkefnið sem unnið er á vegum skólans. Verkefnið tengist upplýsingamennt í skóla-  
starfi og var þetta vikuferð. Nemendurnir stóðu sig gríðarlega vel og unnu vel með nemendum frá Grikklandi, Ungverjalandi, Belgíu og Spáni, sem eru samstarfslönd Síðuskóla í verkefninu.

Verkefnið gengur út á það að nemendur kenna kennurum að nýta sér forrit á netinu til kennslu. Nemendur fræða kennara um hvernig þeir eiga að nálgast forritið, hvernig það virkar, hvaða kostum það býr yfir og hvernig nemendur sjá það fyrir sér sem tæki í kennslu.

Nemendur og kennarar voru ánægðir með ferðina og uppskeran var lærdómur í menningu, ensku og upplýsingatækni í samband við lífsreynslu, gleði og innkaup. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar um verkefnið hér: <http://www.siduskoli.is/is/page/comeniusarverkefni>



## Starfsfólk Lundarskóla heimsótti Svíþjóð.

Víkuna 7. – 11. mars 2011 var vetrarfrí og starfsdagar í Lundarskóla. Stór hluti starfsmanna lagði land undir fót og fór til Svíþjóðar í náms-  
ferð. Hópurinn naut einstakrar gestrisni heimamanna í Skövde sem er um 50.000 manna sveitarfélag um 140 km norðan við Gautaborg. Markmið ferðarinnar var að skoða útiskóla og teymiskennslu en það eru þættir sem sérstök áhersla er lögð á í starfi Lundarskóla. Hópurinn kynnti sér Balthazar sem sinnir útíkennslu í Skövde ásamt því að vera einhvers konar þekkingarsetur fyrir raunvísindi og ensku. Heimsóttir voru grunnskólar sem voru mjög ólíkir varðandi nemendafjölda og nemendasamsetningu. Hópurinn var sammála um að margt í þessum grunnskólum sé mjög líkt og það sem við þekkjum á Íslandi. Háskólinn í Skövde var einnig heimsóttur og fengu gestirnir kynningu á skólanum, norrænu samstarfi, stefnu og þróun í kennaramenntun í Svíþjóð ásamt fleiru. Hópurinn er sammála því að lærdómur af ferðinni hafi verið mikill og muni gagnast vel í starfi Lundarskóla. Hægt er að fræðast meira um ferðina á: [http://www.lundarskoli.akureyri.is/skjol/skjol\\_10-11/Namsferd\\_starfsmanna.pdf](http://www.lundarskoli.akureyri.is/skjol/skjol_10-11/Namsferd_starfsmanna.pdf)



## Gott að eiga góða vini.

Börn sem eru vinafá í skóla eru í meiri hættu að veikjast er niðurstaða doktorsverkefnis í Svíþjóð..

Mikil áhersla er lögð á það í Olweusarverkefninu að börnin eignist góða vini í skólanum. Það að eiga engan eða bara einn vin eða vinkonu er hættumerki. Því verða skólar að kappkosta að efla vináttu meðal barnanna. Nú kemur í ljós að börn sem eru vinafá og ekki hátt skrifuð meðal nemenda eru í meiri hættu en bekkjarfélagarnir að veikjast á fullorðins aldri. Höfundurinn kemst líka að því að ójafnræði í bekknum komi líka niður á börnum sem eru hátt skrifuð meðal bekkjarfélaganna. Jafnrétti ætti því vera fastur liðir í námskrá. Sjá nánar á <http://olweus.is/>

## Viðurkenning frá Heimili og skóla.

Leikskólinn Síðusel fékk afhenta viðurkenningu í vikunni frá Heimili og skóla fyrir samstarfsverkefni við öldrunarheimilið Hlíð. Verkefnið hófst veturinn 2004-2005. Það er elsti árgangur skólans sem tekur þátt í verkefninu og er farið í heimsókn á Hlíð einu sinni mánuði og íbúarnir heimsækja leikskólann tvisvar á ári.

Megintilgangur verkefnisins er að:

- Hafa jákvæð áhrif á viðhorf barnanna til ellinnar og á viðhorf aldraðra til ungu kynslóðarinnar - Brúa kynslóðarbil og skapa „afa og ömmu“ tengsl - Skapa notalega samverustundir - Íbúar Viðihlíðar og Grænuhlíðar fái hlutverk gagnvart börnum með því að miðla reynslu sinni og þekkingu. Að sama skapi fái börnin hlutverk gagnvart íbúunum.

Sjá nánar um verkefnið á: <http://sidusel.akureyri.is/snillingastarf/yomislegt/Um%20snillingastarf.pdf>

## Skóla-akur er vef tímarit sem gefið er út af Skóladeild Akureyrarbæjar Glerárgötu 26, Akureyri

**Ritstjóri:** Linda María Ásgeirsdóttir starfsmaður á skrifstofu Akureyrarbæjar í Hrísey, lindamaria@akureyri.is. Upplýsingar um efni og ábendingar um hvað betur má fara eru vel þegnar og sendist á netfang ritstjóra. Sími 466-1762. Opnunartími mán-fimmtudaga frá 8 - 13.

**Markmið blaðsins:** er að miðla upplýsingum til starfsfólks í skólum á Akureyri, til foreldra og annarra í skólasamfélaginu. **Dreifing:** Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks í leik- grunn- og tónlistarskóla bæjarins, auk fulltrúa foreldra o.fl.

## Endurskoðun á stjórnkerfi skóla

Út er komin skýrsla með tillögum sem stýrihópur um endurskoðun á stjórnkerfi skóla sendi frá sér. Skýrslan er unnin fyrir skóladeild Akureyrarbæjar á grundvelli tillögu skólanefndar um endurskoðun á stjórnun skóla bæjarfélagsins m.t.t. hugsanlegrar sameiningu skóla. Á grundvelli þeirrar samþykktar var stofnaður stýrihópur til að fylgja samþykktinni eftir og leggja fram tillögur til umræðu. Vinnunni var skipt í tvo þætti þar sem annars vegar voru ráðnir tveir sérfræðingar til að afla upplýsinga frá öllum skólastjórum bæjarfélagsins með viðtölum. Hins vegar var leitað til miðstöðvar skólaþróunar HA um að vinna úr fræðilegum gögnum, taka saman upplýsingar um skóla bæjarfélagsins og leggja þannig drög að tillögugerð er varðaði viðfangsefnið. Megintilgangur samantektarinnar er að draga saman upplýsingar um stjórnkerfi og rekstur leikskóla og grunnskóla og undirbygga stefnumótandi tillögur um stjórnun og rekstur skóla Akureyrarkaupstaðar.

Af hálfu miðstöðvar skólaþróunar HA önnuðust Birna María Svanbjörnsdóttir og Trausti Þorsteinsson gerð samantektarinnar. Með þeim vann stýrihópur skipaður af skólanefnd en í honum sátu Gunnar Gíslason, fræðslustjóri, Hrafnhildur Sigurðardóttir, leikskólafulltrúi á skóladeild, Preben Pétursson, varaformaður skólanefndar og Gerður Jónsdóttir, fulltrúi minnihluta í skólanefnd. Fundarritari hópsins var Kristín Jóhannesdóttir, kennari.

Í umræðunni um breytingu á stjórnkerfi skóla hafa sjónir beinst að sameiningu leik- og grunnskóla. Í viðtalsrannsóknunum kom fram það viðhorf skólastjóra að talsverður munur væru á skólastigunum og þess vegna eigi skólastigin ekki endilega samleið í einni stofnun. Fleiri stjórnendur töldu skárri kost að sameina skóla á sama skólastigi og að það gætu jafnvel falist leynd tækifæri í því. Við uppbyggingu nýrra leikskóla hefur Akureyrarbær undanfarnin ár miðað við að hafa 90–150 börn í hverjum leikskóla.

### Varðandi sameiningu skólastofnanna leggur stýrihópurinn því fram eftirfarandi tillögur.

- ◆ Sameining leikskólanna Holtakot og Síðusels. Þannig yrði til leikskóli með 100 rýmum og til að byrja með gæti starfsemin skipst á tvo staði.
- ◆ Sameining leikskólanna Pálmholts og Flúða. Þannig yrði til leikskóli með 134 rýmum. Þar sem skólarnir eru staðsettir á sömu lóð ætti að vera auðvelt að koma starfseminni fyrir í óbreyttu fyrirkomulagi.
- ◆ Lagt er til að byggður verði leikskóli vestan Síðuskóla og starfsemi leikskólans Krógabóls flutt þangað. Þó er gert ráð fyrir að endurnýja eigusamning við Glerárkirkju til næstu 10 ára.
- ◆ Horft er til þess möguleika að byggja við leikskólana Síðusel og Lundarsel þannig að í framtíðinni rúmi þeir 90–100 börn hvor um sig.
- ◆ Leikskólinn Sannuból er starfræktur í leiguhúsnæði og rennur samningurinn út 2013. Ekki er gert ráð fyrir að sá leigusamningur verði endurnýjaður. Rýmum sem þar losna verði bætt við á Naustatjörn og Lundarseli til að koma til móts við aukna eftirspurn á því svæði bæjarins.
- ◆ Skólastjórnendur í Naustatjörn og Naustaskóla hafa lýst áhuga sínum á að gera tilraun um samþættingu skólanna tveggja eða jafnvel sameiningu.

### Með hliðsjón af því sem að framan greinir voru við undirbúning tillagnanna eftirfarandi viðmið höfð að leiðarljósi.

- ◆ Að taka tillit til vilja stjórnenda sem fram kom í viðtölunum um að fara varlega í að sameina skóla milli skólastiga nema þá í tilraunaskyni ef stjórnendur skóla sýna vilja til þess.
- ◆ Efla faglega og framsækna forystu í skólum Akureyrar og koma á virkri þátttöku og skuldbindingu allra til að efla nám og kennslu
- ◆ Grunnskólar séu heildstæðir, með að jafnaði 450–500 börn
- ◆ Ekki raska hverfaskiptingu með því að sameina grunnskóla
- ◆ Veita miðlægan stuðning við starfsmannamál og aðra rekstrartengda þætti
- ◆ Miða stærð leikskóla við 90–150 börn.

### Aðrar tillögur

- ◆ Að ráðinn verði til starfa aðili sem stutt getur skólastjórnendur í starfsmannamálum, aðili með sérfræðipækkingu í mannauðsstjórnun
- ◆ Samræming í innkaupum og stjórn skólamötuneyta—samræmdur matseðill með skýrum gæðaviðmiðum sem taka mið að viðmiðum Lýðheilsustöðvar.
- ◆ Leikskólar verði sameinaðir til að falla að gefnum stærðarviðmiðum
- ◆ Skólastjórum verði veitt ráðgjöf til að skerpa á stjórnunarfyrirkomulagi skólanna og skilgreina ábyrgðarhlutverk, starfsskyldur og vinnubrögð, s.s. umsjónakennara, deildarstjóra og aðstoðarskólastjóra og að sett verði erindisbréf fyrir stjórnendur í leikskólum sambærileg erindisbréfum í grunnskóla.
- ◆ Styðja við og koma á teymiskennslu / teymisvinnu í öllum skólum
- ◆ Setja saman teymi skólastjóra leik- og grunnskóla í sama hverfi og styðja það í að vinna markvisst saman að kennslufræðilegum málum að lágmarki vikulega
- ◆ Efla faglega forystu stjórnenda í skólum
- ◆ Skipuleggja faglegan samvinnudag alla skólastjóra á Akureyri mánaðarlega þar sem unnið verður með leiðir til að uppfylla stefnu og sýn sem birist í skólastefnu Akureyrarbæjar og aðalnámskrá. Þar verði unnið út frá framkvæmdáætlunum og þróunaráætlunum.
- ◆ Stöður deildarstjóra í leikskólum verði lagðar af og hlutverk skólastjóra og aðstoðarskólastjóra sem faglegra forystumanna verði styrkt.

### Þessar tillögur eru lagðar fyrir rýnihópa til umfjöllunar.

Skýrsluna í heild má nálgast á heimasíðu skóladeildar [http://skoladeild.akureyri.is/static/files/stjornkerfi/Skyrsla\\_mai.pdf](http://skoladeild.akureyri.is/static/files/stjornkerfi/Skyrsla_mai.pdf)